

**Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu 119**  
**um hlunnindi handa sparisjóði.** — Með brjefi þessu voru hlunnindi þau, er ræðir 30. ág.  
 um í tilsk. 5. jan. 1874, með venjulegum skilyrðum veitt »Sparisjóði Kinnunga«  
 í Ljósavatnshreppi í Þingeyjarsýslu, stofnuðum 1889, um 5 ára tímabil frá 1.  
 okt. 1892 að telja.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 120**  
**virðingargjörðir á Þjóðjörðum, er selja skal.**— Í þóknanlegu brjefi dags. 17. maím. 10. sept.  
 síðastliðins, hafið þjer, herra amtnaður, skýrt frá því, að ábúendurnir á Þjóðjörð-  
 unum Brattlandi, Heiðarseli, Mörk, Seglbúðum og Heiði, öllum í Skaptafellssýslu,  
 hafi lýst því yfir, að þeir óski að kaupa ábýli sin fyrir það verð, sem heimild er veitt  
 til að selja þau fyrir í lögum 11. desbr. 1891 og hafi sýslum. í Skaptafellssýslu  
 jafnframt því að tilkynna yður þetta, spurst fyrir um, hvort honum sje eigi heimilt  
 án frekari fyrirskipunar í hvert sinn, að útnefna matsmenn og láta fara fram  
 mat á jörðum, þar sem þannig er ástatt, eins og með hinar ofangreindu jarðir,  
 að heimild er til að selja og ábúendur óska að kaupa, og beiðist þjer úrlausn-  
 ar minnar um, hve svara beri greindri fyrirspurn sýslumannsins.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð það er hjer segir.  
 Eins og yður er kunnugt, er í 2. gr. í lögum um sölu Þjóðjarða 8. nóv. 1883  
 ákveðið, að landshöfðingi gjöri þær ráðstafanir, sem með þarf um sölu jarðanna,  
 ákveði kaupverð það, er jarðirnar megi seljast fyrir, en láti áður 2 dómkvadda  
 menn virða hverja jörð fyrir sig, og er ákveðið, að kostnaðurinn við þetta  
 greiðist úr landssjóði. Til þessarar ákörðunar er skírskotað í Þjóðjarðasölulög-  
 unum 8. jan. 1886, 4. nóv. 1887 og 9. desbr. 1889, en í hinum síðustu lögum  
 um heimild til að selja Þjóðjarðir 11. desbr. f. á. er þessari skírskotun sleppt,  
 og engin heimild veitt til að greiða af landssjóði kostnað við virðingargjörðir á  
 undan sölu. Með því að jarðirnar hafa verið virtar og skoðaðar áður en  
 uppástungur um sölu þeirra komu fyrir þingið, virðist því ekki ástæða til, að  
 láta nýja sköðun fara fram aptur á ný, þegar það er ekki fyrirskipað, og ber  
 því að svara fyrirspurn sýslumannsins á þá leið, að þegar ræða sje um jarðir,  
 sem heimild er veitt til að selja í lögum nr. 31, 11. desbr. 1891, þá þurfi alls  
 engin ný virðingargjörð að fara fram, og verði ekki borguð úr landssjóði, þótt  
 framkvæmd hafi verið, en þegar kaups hafi verið beiðst á jörðum, sem eldri  
 lög heimila að selja, þá megi hann kveðja menn til virðingar og láta virðing-  
 argjörð framfara, þegar ábúendur hafa skuldbundið sig til að kaupa að minnsta  
 kosti fyrir það verð, sem lögin greina, án þess að leita sjerstakra fyrirskipana  
 þar að lútandi.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 118**  
**sjerstaka manntalsþinghá í Álptavershreppi.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra 22. sept.  
 amtnaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 31. f. mán., vil jeg hjer með samþykkja

21. dag desembermán. 1892.